

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 26. janúar 2021

Lagt er til að leikskólar Reykjavíkur færi þegar í stað opnunartíma sinn til fyrra horfs. Samþykkt var á fundi skóla- og frístundaráðs 18. ágúst sl. að breyta opnunartímanum þannig að leikskólar yrðu ekki opnir lengur en til kl. 16:30 í stað til kl. 17:00. Um var að ræða tímabundna ráðstöfun vegna Covid 19 og samþykktin átti að gilda til 31. desember 2020. Engin samþykkt er því lengur í gildi sem heimilar þennan breytta opnunartíma og því nauðsynlegt að breyta honum til fyrra horfs sem fyrst.